

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 29/2011

2011/EES/37/23

frá 1. apríl 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2010 frá 10. nóvember 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2010 frá 1. október 2010 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 116/2010 frá 9. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar lista yfir næringarfullyrðingar <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 459/2010 frá 27. maí 2010 um breytingu á II. III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarks-gildi leifa fyrir tiltekin varnarefni í eða á tilteknum afurðum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2010 frá 8. júlí 2010 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar viðbætur og breytingar á dæmum af skyldum yrkjum eða öðrum afurðum sem sama hámarks-gildi leifa gildir um <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/37/ESB frá 17. júní 2010 um breytingu á tilskipun 2008/60/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „– **32010 R 0459**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 459/2010 frá 27. maí 2010 (Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 3),
- **32010 R 0600**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2010 frá 8. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 174, 9.7.2010, bls. 18).“

2. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):  
„– **32010 R 0459**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 459/2010 frá 27. maí 2010 (Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 3),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 73, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 16.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 174, 9.7.2010, bls. 18.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 152, 18.6.2010, bls. 12.

- **32010 R 0600**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 600/2010 frá 8. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 174, 9.7.2010, bls. 18).“
- 2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzt (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006):  
„– **32010 R 0116**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 116/2010 frá 9. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 16).“
- 3. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzy (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB):  
„eins og henni var breytt með:
  - **32010 L 0037**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/37/ESB frá 17. júní 2010 (Stjtið. ESB L 152, 18.6.2010, bls. 12).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 116/2010, 459/2010 og 600/2010 og tilskipunar 2010/37/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.